



Fræðslu- og félagsmál

NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPS

FRAMTÍÐARSÝN Í NÝJU SVEITARFÉLAGI

Stuðla skal að vellíðan barna og fjölskyldna þeirra því góð líðan er forsenda náms og velferðar. Efla þarf stuðning við skólana, börn og foreldra á svæðinu. Lögð verði áhersla á menntun og fjölskylduvæn gildi.

Mjög mikilvægt að ekki verði skerðing á þjónustu, heldur verði mannaúdurinn nýttur sem best þannig að hægt sé að bæta við þjónustu með betri nýtingu starfsfólks

Sérstaða á hverjum stað fái notið sín í starfsemi fyrir fjölskyldur sveitarfélagsins í heild sinni.

Skólar og fjölskyldur hafi markvisst aðgengi að öflugri sérfræðiþjónustu þar sem biðlistum er haldið í lágmarki og hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og áhersla á jöfnun er í brennidepli. Gott aðgengi verði að greiningu og ráðgjöf bæði til skólanna og fjölskyldna. Það verði þó aldrei svo að greining verði forsenda aðstoðar ef ljóst er að grípa þarf inn í og veita stuðning.

Austurlandsteymið fái tækifæri til að þróast og eflast og forvarnarstarf taki smám saman meira og meira raunverulegt rými í starfsemi þess. Fleiri og fleiri mál komi þannig til kasta teymisins í leikskólunum og markmiðið sé að tekið hafi verið á öllum málum sem við á áður en börn byrja í grunnskóla.

Stjórnendur allra skóla hittist reglulega á samráðsfundum. Áfram verði starfandi fræðslustjóri sem stýrir þeim fundum og verður tengiliður skólastofnana við stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Ráðinn verði mannaúdsstjóri í nýtt sveitarfélag sem aðstoðar stjórnendur við erfið mál og tryggir fagmennsku í öllum mannaúðsmálum.

Mannaúður skólanna verði nýttur eins og best verður á kosið.

Fjarkennsla verði aukin (þróuð), t.d. þannig að mögulega verði hægt að auka val elstu nemenda í minni skólunum.

Nýta hagkvæmni í stærra sveitarfélagi til að bæta gæði þjónustunnar, stytta biðtíma eftir sérfræðingum og tryggja skilvirkni hennar.

Hlúð verði sérstaklega að börnum af erlendum uppruna og fjölskyldum þeirra. Það verði m.a. gert með markvissri móttökuáætlun og eftirfylgni. Fjölskyldur barnanna fái kynningu á íþrótt- og tómsundastarfi og forráðamenn fái að sjá með eigin augum þá starfsemi sem fram fer í íþróttahúsum og félagsmiðstöðvum. Skoðað verði með e.k. ívilnun, t.d. afslátt eða niðurfellingu gjalda í ákveðinn tíma.

Huga þarf að því að nemendur úr dreifbýli hafi möguleika á að sinna e.k. íþrótt- og tómsundastarfi eftir skóla, þar sem slíkt er í boði.

Stutt verði við áframhaldandi þróun framhaldsskóla og háskólastarfsemi í nýju sveitarfélagi og unnið verði markvisst með þau sóknarfæri sem eru á háskólastigi. Þróunar- og rannsóknarstarf er mikilvægt fyrir framþróun og hvati til að ungt menntafólk setjist að í samfélaginu og taki virkan þátt í framtíðaruppbyggingu þess.

HVAR ERU NÝ TÆKIFÆRI Í SAMEININGU

Öflugt fjölskyldusvið með sterku fagfólki í forystu getur tryggt heildstæðari þjónustu fyrir alla. Markviss nýting mannauðs í stærra samfélagi skapar betra samfélag fyrir heildina.

Tækifæri liggja í aukinni nýtingu fjarþjónustu tengt félagsþjónustu og fræðslumálum.

Meiri mannauður - hægt að vinna þvert á skóla / þvert á byggðakjarna.

Aukið samráð milli skóla.

SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Öll sveitarfélögin eru aðilar að Skólaskrifstofu Austurlands og framlög þeirra nema um 45% af heildarkostnaði aðildarsveitarfélaganna sem standa að Skólaskrifstofunni. Ef hlutur Vopnafjarðar og Fljótaldshrepps (sem eru aðilar að sameiginlegri félagsþjónustu) er meðtalin er um að ræða um 50% hlutdeild í þeim ca. 67.392.000 sem fjárhagsáætlun Skólaskrifstofunnar 2019 byggir á.

Innan hópsins sköpuðust miklar umræður um stoð- og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla með hliðsjón af nýju verklagi og samstarfi milli skóla- og félagsþjónustusviðs við innleiðingu Austurlandslíkansins. Þrátt fyrir að Skólaskrifstofa hafi á að skipa hæfu og góðu starfsfólki og sérfræðingum, er það upplifun hópsins að skrifstofan nái ekki til fulls að uppfylla þarfir skólanna, þá sérstaklega er varðar leikskólastigið og biðlistar eftir greiningum hjá sálfræðingum eru of langir. Sú hugmynd var rædd að skóla- og félagsþjónustusvið yrðu sameinuð í eitt fjölskyldusvið þar sem fjármunir og sérfræðingateymi af báðum sviðum nýttust bæði skólum og félagsþjónustu með samlegðaráhrifum og auknu samstarfi. Hópurinn mælist til þess að settur verði á laggirnar hópur sem kannar tvo kosti;

- annars vegar þann kost að nýtt sveitarfélag verði áfram aðili að Skólaskrifstofu Austurlands og þá hvernig megi hafa áhrif á þjónustu skrifstofunnar þannig að hún mæti þörfum nýs sveitarfélags betur og vinni í betri samfellu við nýjar starfsaðferðir Austurlandslíkansins og þjónusti leikskólastigið betur.
- Hins vegar þann kost að nýtt sveitarfélag slíti samstarfi um Skólaskrifstofu Austurlands og nýti fjármuni þá sem annar fara til reksturs skrifstofunnar til þess að hafa á að skipa eigin hópi sérfræðinga sem starfa í samhljóman

- við nýtt verklag í fjölskylduvernd og skólaþjónustu í sveitarfélaginu og mætir betur þörfum leik- og grunnskóla um kennsluráðgjöf, greiningar og aðrar stuðningsþarfir sem sveitarfélagið ákveður út frá eigin þörfum og starfsaðferðum.

Með aukinni áherslu á snemmtæka íhlutun og forvarnir má gera ráð fyrir að sveitarfélagið muni vísa færri börnum í 2. og 3. stigs þjónustu þar sem brugðist verður við vanda barnsins um leið og hann birtist en þjónusta verði ekki bundin við greiningar. Þetta mun að öllum líkindum leiða til þess að færri greiningartilvísanir muni berast til sálfræðinga Skólaskrifstofu frá nýju sveitarfélagi. Það er líka tilfinning hópsins að a.m.k.

Fljótsdalshérað noti mun minni þjónustu frá Skólaskrifstofu heldur en hin sveitarfélögin þar sem Fljótsdalshérað hefur á að skipa fræðslustjóra sem sinnir stuðningi og ráðgjöf við skólastarfsmenn og stjórnendur. Ef þessi sveitarfélög sameinast má gera ráð fyrir að sameiginlegt fjölskyldusvið myndi sinna skólum sveitarfélagsins hvað varðar þennan þátt. Það er rík ástæða til þess að kanna hvort fjármunum þeim sem varið er til reksturs Skólaskrifstofu væri ekki betur varið innan skipulagsheildar nýs fjölskyldusviðs þar sem þarfir sveitarfélagsins væru hafðar í fyrirrúmi.

FRAMTÍÐARÁSKORANIR Í MÁLAFLOKKNUM

Húsnæði þrengir að starfsemi nokkurra skóla, svo sem Seyðisfjarðarskóla, Egilsstaðaskóla, og Tónlistarskólanum á Egilsstöðum.

Vegna fjarlægða á milli byggðakjarna er tryggt að skólastarf verður áfram í öllum hverfum nýs sveitarfélags.

Markmið sameiningar er ekki að spara fjármuni, heldur að bæta þjónustu með auknu samstarfi, samnýtingu starfsmanna og úrræða með samlegðaráhrifum. Halda verður væntingum íbúa raunhæfum varðandi fjárhagslega getu nýs sveitarfélags til framkvæmda og einblína á að byggja upp gott mannlíf, mannauð og gott samfélag með góðu innra starfi í skólum og félagsþjónustu.

Nauðsynlegt er að efla samgöngur milli byggðarkjarna. Betri samgöngur greiða fyrir samvinnu skóla og stofnana og íbúar gætu sótt þjónustu, félagsstarf, íþróttir og tómstundir á milli byggðarkjarna.

Mikilvægt er að nettenging sé traust og góð svo hægt sé að nýta nútímataekni til samstarfs og veitingu þjónustu. Þar er sérstaklega horft til fjarkennslu milli skóla og veitingu þjónustu sérfræðinga í gegnum örugga og viðurkennda netmiðla.

Móttaka og þjónusta við nemendur af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra er mikilvægur þáttur í þróun samfélagsins og tryggir að sá mannauður sem þar býr leggi sitt af mörkum til samfélagsins sem virkur hluti þess. Með aukinni samvinnu milli skóla og fjarkennslu skapast tækifæri til bættrar íslenskukennslu auk þess að horfa til móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna, hvar svo sem þau eru búsett í sveitarfélaginu.

HVAÐ ÞARF AÐ VARAST?

Að þeir sem búi á jöðrum í stóru sveitarfélagi finni sig afskipta á einhvern hátt hvað varðar þjónustu og viðhorf.

Að glata ekki áhuga og virkni fólks til að hafa áhrif á nærsamfélag sitt.

HVAÐ VILJUM VIÐ ALLS EKKI MISSA

Sérstöðu og styrk byggðalaganna sem sameinast í nýju sveitarfélagi.

Spennandi sprotastarf sem sprottið hefur upp í minni samfélögum eins og LungA skólinn og rannsóknarsetrið á Skálanesi á Seyðisfirði.

Cittaslow stefnuna á Djúpavogi.

Kraft og þor ungs heimafélks til uppbyggingar samfélagsins eins og t.d. hefur verið sýnilegt á Borgarfirði eystra.